

Ágreiningslaust er, að stefndi hefur þegar greitt kr. 1.417.448 upp í kaupverð íbúðarinnar, og eru eftirstöðvar verðsins því kr. 371.652, og ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda þá fjárhæð, þar sem ósannað er gegn mótmælum stefnanda, að hann eigi inni hjá honum kr. 132.000 vegna vinnu í lóð, eins og hann hefur haldið fram.

Þá ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda í vexti af framangreindri fjárhæð 13% ársvexti frá 15. september 1976 til 20. nóvember 1977, 16% ársvexti frá þeim degi til 20. febrúar 1978, en 19% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Að lokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 100.000.

Dómsorð:

Stefndi, Brynjólfur Helgason, greiði stefnanda, Stefáni Reykjalín, kr. 371.652 ásamt 13% ársvöxtum frá 15. september 1976 til 20. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, en 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 100.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. október 1981.

Nr. 27/1981. **Ákærvaldið**

(Jónatan Sveinsson saksóknari)
gegn

Magnúsi Halldórssyni

(Ragnar Steinbergsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.
Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Sigurgeir Jónsson.

Héraðsdómi er áfrýjað að kröfu ákærða.

Við ákvörðun refsingar ákærða fyrir brot þau, sem ákært er fyrir í þessu máli, ber að hafa hliðsjón af ákvæðum 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þar sem brot þessi eru framin 24. og 30. mars 1980, en héraðsdómur í öðru refsismáli var kveðinn upp 15. apríl sama ár, ber að dæma ákærða hegningarauka við þann dóm með hliðsjón af ákvæðum 78. gr. sömu laga.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 2 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Steinbergssonar hæstaréttarlögmanns, 2.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Magnús Halldórsson, sæti fangelsi í 2 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.000.00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns, Ragnars Steinbergssonar hæstaréttarlögmanns, 2.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akureyrar 22. október 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað hér fyrir dómi með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 8. júlí 1980, „á hendur Magnúsi Halldórssyni, sjómanni, Bakkahlíð 29 á Akureyri, fæddum 7. desember 1942 á Akranesi, fyrir eftirtalin brot gegn umferðarlögum nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og áfengislögum nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978, við akstur bifreiðarinnar A-3840 í marsmánuði 1980:

1) Með því að aka, mánudaginn 24., frá ofangreindu heimili ákærða, sviptur ökuréttindum ævilangt, áleiðis til Árskógsstrand-

ar, uns akstri ákærða lauk á Norðurlandsvegi skammt norðan við bæinn Dvergastein í Glæsibæjarhreppi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

2) Með því að aka, sunnudaginn 30., frá ofangreindu heimili ákærða, undir áhrifum áfengis, sviptur ökuréttindum ævilangt og þótt bifreiðinni væri áfátt um ljósa-, stýris- og hemlabúnað, um götur Akureyrar, uns árekstur varð með bifreið ákærða og bifreiðinni A-3650 á mótum Lönguhlíðar og Höfðahlíðar. Ennfremur með því að hafa yfirgefið vettvang án þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir vegna slyssins.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 2. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr., 2. mgr. 41. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

I.

Kl. 0440 mánudaginn 24. mars 1980 voru lögreglumennirnir Gunnar Randversson og Broddi Björnsson á eftirlitsferð á lögreglubifreið á Norðurlandsvegi í Kræklingahlíð. Er þeir voru á suðurleið til Akureyrar, komu þeir að kyrrstæðri bifreið nokkru norðan við Dvergastein í Glæsibæjarhreppi. Var bifreiðin með ljósum, stóð á vinstri vegarkanti og hafði stefnu til suðurs. Var ætlun lögreglumannanna að kanna, hvernig stæði á ferðum bifreiðarinnar þarna. Er þeir höfðu stöðvað, kom til þeirra umráðamaður bifreiðarinnar, Magnús Halldórsson, ákærði í máli þessu. Hann sagði, að sprungið hefði hjá sér og hafi hann ætlað að skipta um dekk, en tjakkurinn bilað. Lögreglumönnum var kunnugt um, að ákærði var sviptur ökuleyfi ævilangt, og játaði hann aðspurður, að svo væri enn, og kvaðst hann hafa ætlað að aka bifreiðinni út á Árskógssand, þar sem hann kvaðst vera við sjóróðra.

Ákærði skýrði frá því í skýrslu fyrir rannsóknarlögreglu hinn 13. júní sl., að hann stundaði sjó á bátnum Eiðrónu frá Árskógssandi. Hann kvaðst hafa verið í landi helgina 22.—23. mars og kvaðst hafa ætlað með félögum sínum út eftir, en ætlunin hafi verið að fara út um kl. 0500 að morgni mánudagsins 24. mars. Ákærði sagði það hafa verið ætlun sína að fara með félögum sínum út á Árskógssand í umrætt sinn. Einhver misskilningur hafi orðið milli þeirra, þeir farið á undan og hafi þeir sennilega talið, að kona hans mundi aka honum, eins og hún hafi stund-

um gert. Ákærði sagði bifreið þeirra vera í svo slæmu ástandi, að hann hefði ekki talið þorandi, að konan æki henni og færi ein á bifreiðinni til Akureyrar á þessum tíma, þegar lítil umferð væri. Þar sem hann hefði verið peningalítill, hefði hann ákveðið að aka bifreiðinni sjálfur til að missa ekki plássið á bátnum, þótt hann hefði verið sviptur ökuleyfi ævilangt árið 1974. Hann kvaðst hafa verið nýlagður af stað heiman að frá sér, hefði hann ekið þaðan stystu leið norður Hlíðarbraut og áfram norður Norðurlandsveg, en er hann hafi verið nokkru norðan við Dvergastein, hafi sprungið á einu hjóli bifreiðarinnar. Hafi hann því ekki komist lengra og hafi verið stöðvaður þarna, er lögreglan kom.

II.

Hinn 30. mars 1980, kl. 1218, var lögreglunni á Akureyri tilkynnt um árekstur á mótum Lönguhlíðar og Höfðahlíðar hér í bæ. Þarna höfðu rekist saman bifreiðarnar A 3840, sem ekið var af ákærða í máli þessu, og bifreiðin A 3650, en ökumaður þeirrar bifreiðar var Gunnar Haukur Jóhannsson, Mánahlíð 8, Akureyri. Er lögreglumenn komu á staðinn, var ökumaður A 3840, ákærði, farinn af staðnum, og fóru lögreglumenn að leita hans. Fundu þeir ákærða skömmu síðar, og virtist hann vera ölvaður. Var hann fluttur á lögreglustöðina, þar tekin af honum varðstjóráskýrsla og honum tekið blóðsýni til alkóhólákvörðunar. Niðurstaða þeirrar ákvörðunar sýndi 2.15% alkóhóls í blóði ákærða.

Bifreiðinni A 3650 hafði verið ekið austur Höfðahlíð, en bifreiðinni A 3840 hafði verið ekið norður Lönguhlíð. Á gatnamótum þessum er biðskyldumerki gagnvart umferð um Lönguhlíð. Ökumaður A 3650 kvaðst hafa ekið austur Höfðahlíð, er hann hefði nálgast gatnamótin, hefði hann séð til ferða A 3840, sem ákærði ók. Hefði bifreið hans verið ekið fremur hægt að gatnamótunum og ákærði dregið úr ökuhraða, er hann nálgæðist gatnamótin, og kvaðst ökumaður A 3650 hafa talið, að ákærði hefði veitt ferð sinni athygli. Hann hefði virst horfa á hann. Hann kvaðst því hafa gert ráð fyrir, að ákærði mundi bíða við gatnamótin, á meðan hann færi hjá, en hins vegar hafi hann ekið á hægri hlið bifreiðar hans. Hann sagði ákærða hafa komið út úr bifreið sinni og talað við sig, en síðan farið inn í húsið Sólvang, sem þarna er rétt hjá. Þaðan hefði hann svo komið 3—4 mínútum síðar, og sagði ökumaður A 3650, að sér hefði

þá orðið ljóst, að ákærði var mikið ölvaður. Hefði hann til dæmis greinilega reikað í spori, síðan hefði hann horfið af staðnum. Stefán Tryggvason lögreglumaður, sem ekki var á vakt, er þetta gerðist, hafi komið þarna að og farið á eftir ákærða.

Við áreksturinn skemmdist hægra framaurbretti og hægri hurð bifreiðarinnar A 3650 mikið, og á bifreiðinni A 3840 skemmdist hægra framhorn mikið. Bifreið ákærða var tekin í vörslu lögreglunnar og færð til skoðunar hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins. Við skoðun bifreiðaeftirlitsins kom fram, að stefnuljós að framan var í óhæfu ástandi, einnig stöðuljós að framan hægra megin svo og stýrisvelir og hjóllegur. Þá voru hjólbarðar í óhæfu ástandi svo og rúðupurrkur og flauta. Voru númer bifreiðarinnar tekin af henni.

Samkvæmt varðstjóráskýrslu um útlit og önnur einkenni ákærða var áfengisþefur af andardrætti hans nokkur, andlit þrútið, fatnaður snyrtilegur, framkoma kurteis, augu dauf, jafnvægi stöðugt, málfar skýrt og framburður greinargóður.

Ákærði gaf skýrslu fyrir rannsóknarlögreglunni á Akureyri miðvikudaginn 18. júní 1980. Hann sagðist hafa verið ökumaður bifreiðarinnar A 3840, er áreksturinn varð. Hann sagði bifreiðina af gerðinni Fiat, árgerð 1974, og væri hún skráð eign eigin konu hans. Ákærði kvaðst hafa farið í Sjálfstæðishúsið kvöldið áður en þetta gerðist, hann kvaðst hafa neytt einhvers áfengis, en ekki muna nákvæmlega, hversu mikið það var. Hann sagði, að það gæti reyndar ekki hafa verið mikið, því hann hafi verið auralítill. Um kl. 0200, er dansleiknum hafi lokið, hafi hann gengið beint heim og farið að sofa. Hann kvaðst ekki hafa drukk-ið meira áfengi þá um kvöldið. Er hann vaknaði um kl. 9 um morguninn eftir, fékk hann sér 2—3 sopa af óblönduðu brennivíni, eftir það kvaðst hann hafa fundið lítillaga til áfengisáhrifa. Hann kvaðst hafa hugsað sér að fara á hestbak eftir hádegið og því þurft að hafa tal af mönnum á Brún. Hann kvaðst hafa ákveðið að aka þangað. Kvaðst hann frekar hafa viljað það en að láta eiginkonu sína aka, þar sem hún hefði verið að skemmta sér kvöldið áður, þó kvaðst hann sviptur ökuleyfi frá 1974. Hann kvaðst hafa gert þetta í hugsunarleysi og kæruleysi vegna ölvunarástands síns. Hann hefði ekið upp að Brún beinustu leið og fundið þá lítillaga til áfengisáhrifa við aksturinn, en ekki kvaðst hann hafa neytt áfengis, eftir að hann hóf aksturinn. Eftir stutta dvöl á Brún hafi hann ekið heim, hann hafi þá ekið norður Þórunnarstræti, vestur Byggðaveg og áfram leiðina að Kletta-

borgum og þar inn á Lönguhlíð. Síðan kvaðst hann hafa ætlað að beygja vestur Skarðshlíð. Er hann hafi komið að gatnamótunum, hafi hann dregið úr ferð við biðskyldumerkið, en ekki stöðvað alveg, þar sem hann hafi ekki orðið var við neina umferð. Er hann hafi verið rétt kominn inn á gatnamótin, hafi hann orðið var við bifreiðina A 3650, hafi hann þá hemlað, en ekki náð að stöðva, fyrr en áreksturinn varð. Eftir áreksturinn hafi komið þarna að Stefán Tryggvason lögreglumaður. Ákærði kvaðst hafa farið inn í Sólvang, á meðan hann beið eftir lögreglunni. Eftir að hafa beið þar um stund kvaðst hann hafa gengið af stað heim á leið. Er hann hafi verið á leiðinni, hafi komið þar að leigubifreið, en í henni hafi verið kunningi hans. Kvaðst hann því hafa stöðvað bifreiðina í þeim tilgangi að biðja kunningja sinn að aka sér heim. Þá hafi Stefán Tryggvason lögreglumaður komið þar og hafi Stefán handtekið sig og fært í hendur lögreglunni, er kom þarna að rétt á eftir.

Fyrir rannsóknarlögreglu staðfesti ákærði skýrslur lögreglunnar um áreksturinn og ölvunaraksturinn og kvaðst ekki hafa neitt við þær að athuga.

Ákærði hefur hér fyrir dómi í dag staðfest allar skýrslur, er hann gaf fyrir lögreglu. Þá var honum og kynnt niðurstaða alkóhólákvörðunar, og gerði hann ekki athugasemdir við hana.

Samkvæmt sakavottorði, dagsettu 9. október sl., hefur ákærði sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1958 18/9 á Akranesi: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 21., sbr. 44. gr. áfengislaga.
- 1960 16/9 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1961 7/3 á Akureyri: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1962 14/1 á Akranesi: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun og greiði 370 kr. í skaðabætur.
- 1963 17/4 á Akranesi: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1963 24/9 á Akranesi: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1963 8/10 á Akranesi: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1965 2/1 á Akranesi: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1965 25/1 á Akranesi: Dómur: Varðhald í 12 daga, sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 1 ár, fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum.

- 1966 12/5 á Akranesi: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1970 9/7 á Akureyri: Dómur: 40 daga fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 248. gr. hegningarlaga.
- 1970 1/10 á Akureyri: Sátt, 700 kr. sekt fyrir brot á 48. gr., sbr. 65. gr. umferðarlaga.
- 1973 27/2 á Akureyri: Dómur: 7.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 10 mánuði frá 13/3 1973.
- 1974 12/1 á Akureyri: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 7. gr. lögreglusamþykktar Akureyrar.
- 1975 27/1 á Akureyri: Dómur: 15 daga varðhald fyrir brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 3/9 1974.
- 1975 27/4 á Akureyri: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 108. gr. alm. hegningarlaga.
- 1976 2/2 á Akureyri: Dómur: 25 daga varðhald fyrir brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 3. mgr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá 2/2 1976.
- 1977 17/7 á Akranesi: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 257. gr. hegningarlaga.
- 1978 11/7 á Akureyri: Dómur: 15 daga varðhald fyrir brot á 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.
- 1980 15/4 á Akureyri: Dómur: 375.000 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

Með játningu ákærða, skýrslum lögreglu, niðurstöðu alkóhól-rannsóknar svo og öðrum gögnum málsins telst fullsannað, að hann hafi framið brot þau, er í ákæru greinir, og teljast þau þar rétt færð til refsíákvæða. Dómur sá, er kveðinn var upp hinn 15. apríl 1980 yfir ákærða, gerir að verkum, að ákveða ber refsingu í þessu máli með hliðsjón af ákvæðum 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þegar litið er til þess, að um margítrekuð brot ákærða er að ræða, þykir rétt að dæma honum hegningarauka, þriggja mánaða fangelsi, og þykja engin efni til að skilorðsbinda refsingu vegna sakarferils ákærða. Refsingin er ákveðin skv. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 1.

gr. laga nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengisлага. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dóm þennan kvað upp Júlíus Magnússon, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri.

Dómsorð:

Ákærði, Magnús Halldórsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. október 1981.

Nr. 220/1980. **Ákærvaldið**

(Jónatan Sveinsson saksóknari)

gegn

Arnfinni Bergi Jörgensen

(Árni Grétar Finnsson hrl.).

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarmennirnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar, en einnig áfrýjað til þyngingar af hálfu ákærvalds. Hér fyrir dómi var þess krafist af hálfu ákærvalds, að hinn áfrýjaði dómur yrði staðfestur um refsingu ákærða og hann yrði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar fyrir báðum dómum.

Með eigin framburði ákærða og vitna er sannað, að hann tók og hafði á brott með sér jarðýtutönn þá, er mál þetta varðar, svo sem í héraðsdómi er rakið. Staðhæfing ákærða um, að hann hafi haft leyfi Ingva Ingvasonar til tóku ýtutannarinnar, hefur hvorki stoð í framburði Ingva né þeirra tveggja manna, er ákærði tilgreinir vitni að samtali sínu við Ingva. Er því ekki hægt að byggja á staðhæfingu þessari við úrlausn málsins.